



ALMANNAVARNIR SUÐURNESJA, utan Grindavíkur  
Flugvöllum 33, 230 Reykjanesbær

## 76. fundur

**Fundur haldinn í Almannavarnanefnd Suðurnesja utan Grindavíkur, miðvikudaginn  
3. desember 2025 kl. 11:30 í fundarsal Brunavarna Suðurnesja BS. að Flugvöllum 33,  
Reykjanesbæ.**

Mætt voru: Magnús Stefánsson varaformaður ( Suðurnesjabær ), Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir ( Reykjanesbær ), Guðrún P. Ólafsdóttir ( Sveitarfélagið Vogar ), Eyþór Rúnar Þórarinsson( BS ), Arnar Steinn Elísson ( framkvæmdastjóri almannavarnanefndar ), Margrét Kristín Pálsdóttir ( LSS ) og Sveinbjörn Indriðason (Isavia)

Auk þess sátu fundinn Eðvarð Atli Bjarnason ( svæðisstjórn sv2 ), Gunnar Schram ( LSS ) Guðbergur Reynisson (RKÍ) og Guðlaug Rakel Guðjónsdóttir ( HSS )

Fundargerð ritaði Berglind Kristinsdóttir.

Varaformaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

### Dagskrá:

- 1. Staðan á Reykjanesi, goslok? – Benedikt G. Ófeigsson, fagstjóri aflögunarmælinga hjá Veðurstofu Íslands.**  
Benedikt fór yfir stöðuna í stuttu máli. Magn kviku heldur áfram að aukast en hraði kvikusöfnunar undir Svartsengi hefur haldist stöðugur. Áfram eru auknar líkur á kvikuhlaupi og eldgosi næstu vikurnar en óvissan um tímasetningar á næsta eldgosi hleypur þó á nokkrum mánuðum. Hættumat helst óbreytt til 9. desember nema breytingar verði á virkni.
- 2. Mál og verkefni frá síðasta fundi - Arnar Steinn Elísson, almannavarnarfulltrúi.**  
Arnar Steinn fór yfir helstu verkefni frá síðasta fundi. Viðbragðsáætlun var send út til nefndarinnar í dag. Netöryggisæfing er í gangi þessa dagana en hún er í samstarfi við CERT-IS. Unnið er að kortlagningu mikilvægra innviða sem og áfallapoli sveitarfélaga. Einnig er vinna hafin vegna Sólmyrkva 2026. Tveir fundir eru í næstu viku vegna hans. Allt gistiþláss á vestari helmingi landsins auk allra bílaleigubíla er bókað í tengslum við Sólmyrkvann.
- 3. Drög að samkomulagi um skiptingu kostnaðar vegna stöðugildis almannavarnarfulltrúa á Suðurnesjum á milli ríkisins annars vegar og allra sveitarfélaga á Suðurnesjum og ISAVIA hins vegar - Margrét Kristín Pálsdóttir, lögreglustjóri.**  
Lögreglustjóri fór yfir samkomulagið sem búið var að senda til nefndarmanna.

Nefndin samþykkir samkomulagið samhljóða. Lögreglustjóri mun senda fundarmönnum samkomulagið til undirritunar.

4. **Framkvæmdaáætlun 2026-2029 - Arnar Steinn Elísson, almannavarnarfulltrúi**

Arnar fór yfir helstu verkefni sem eru á framkvæmdaáætlun 2026-2029.

Almannavarnarfulltrúa er falið að uppfæra áætlunina í samræmi við umræður nefndarinnar.

5. **Fjárhagsáætlun 2026-2029, án launa almannavarnarfulltrúa**

Lögð fram og samþykkt samhljóða.

6. **Önnur mál.**

Fulltrúi HSS vildi færa til bókar atvik sem kom upp í tengslum við síðasta útkall á Keflavíkurflugvelli. Benti á að söfnunarsvæði slasaðra á Keflavíkurflugvelli var ekki tilbúið þegar átti að nota það í tengslum við útkallið. Þær aðstæður eru ekki ásættanlegar. Nefndin tekur undir mikilvægi þess að þessir hlutir séu í góðu lagi og beinir því til hlutaðeigandi að ganga úr skugga um að svo sé.

Framkvæmdastjóri sagði frá því að hitakatlarnir væru komnir aftur til landsins en þeir fara í prófun í næstu viku. Katlarnir eru leigðir fram á næsta sumar. Um er að ræða þrjá katla sem í fullum afköstum ná að halda öllu húsnæði á svæðinu frostfríu.

Fundi slitið kl. 12:52.